




EITT SKREF Í EINU

Efni til lesfimiþjálfunar í samvinnu við heimilin

Læsi í skapandi skólastarfi

Akureyri 15. september 2018


Yfirlit

- Samstarf heimilis og skóla
- Um lesfimi
- Endurtekinn lestur
- Mat
- Um *Eitt skref í einu*
- Um val á texta
- Það helsta í efninu
- Framfarir og áhugahvöt
- Verkefni og umræður

Samstarf heimilis og skóla

1. Þáttur foreldra í læsi og lestri barna er mikilvægur og ástæða til að veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku.
2. Grunnskólalög eru skýr varðandi þátttöku foreldra.
3. 91% íslenskra foreldra telja það vera á sína ábyrgð að sjá til þess að börnin verði læs (Ingibjörg Auðunsdóttir, Gretar L. Marinósson og Kjartan Ólafsson, 2017).
4. Enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur barna og líðan þeirra í skólanum eins og viðhorf og stuðningur foreldra.
5. Hlutdeild foreldra í menntun barna sinna hefur tvöfalt meira forspárgildi um námsárangur en félagsleg staða.
6. Þegar skólar stuðla skipulega að samstarfi við foreldra eru dæmi um að áhrif þeirra séu allt að sexfalt meiri en aðrir áhrifaþættir.
7. Samstarfið þarf að vera að frumkvæði skólans.

Lesfimi?



Hraði/nákvæmni – gott lestrarlag



Sjálfvirkni (automaticity) – gott lestrarlag (prosody)

Með lesfimi er átt við getu lesara til að lesa orð í texta fullkomlega sjálfvirkt (af öryggi og nákvæmni) og með eðlilegu hljómfalli sem styður merkingu textans (Raskinski, 2010).

Áhrif endurtekens lestrar

- Við endurtekinn lestur styttist viðbragðstíminn við endurheimt á sjónrænum og hljóðrænum einkennum orða og lestur verður sjálfvirkari.
- Við endurtekinn lestur verður textinn kunnuglegur, svigrúm gefst til að lesa með réttum áherslum og huga að greinarmerkjasetningu.
- Sjálfvirkur lestur skiptir miklu máli fyrir lesskilninginn (LeBerge og Samuels 1974).
- Kostir endurtekens lestrar mikið rannsakaðir – gildi endurtekens lestrar ótvírætt fyrir lesfimi og lesskilning.

Kostir endurtekens lestrar

1. Leiðir til áreynsluminni umskráningar og eykur líkur á betri lesskilningi.
2. Endurtekinn lestur á orðum hefur mikið yfirfærslugildi á aðra texta.
3. Hjálpar bæði færum og slökum lesurum að muna innihald texta.
4. Framfarir í lesskilningi verða miklar ef lesið er vegna innihalds en ekki hraða.
5. Eykur innsýn og skilning á uppbyggingu texta vegna svigrúms til að huga að textaeinkennum.
6. Endurtekinn lestur á texta er góð námstækni.
7. Endurtekinn lestur leiðigjarn? Ekki ef tilgangur eru augljós.


Lesfimir lesarar...

- eru færir um að þekkja orð nákvæmlega,
- þeir bera kennsl á orð og setningarhluta fyrirhafnarlaust,
- geta beint allri orku sinni að því að tileinka sér innihald texta,
- eru færir um að draga fram rétta merkingu texta með réttum áherslum,
- en kunna líka að hafa áhrif á merkingu með því að breyta áherslum.
- hafa því góðan lesskilning ef málskilningur er góður (Raskinski, 2010).



Mat – íhlutun – endurmat

1. Eitt skref í einu – íhlutun fyrir nemendur sem hafa náð V1.
2. Mat fyrir og eftir íhlutun – mikilvægar upplýsingar um árangur.
3. Matstæki: Lesfimimat/Ltl. eftirfylgniþróf/skólapróf – sama prófið.
4. Lesin orð á mínútu og staða lestrarlags metin.
5. Um samanburð á lesfimimati og öðrum prófum.
6. Viðhald á færni fram að stöðluðu lesfimimati



Matsrammi fyrir lestrarlag

Vídd	1	2	3	4
A. Tjáning og raddstyrkur	Les með lítilli tjáningu eða innlifun í röddinni. Les orðin að því er virðist til þess eins að koma þeim frá sér. Lítið næmi fyrir því að láta textann hljóma eins og venjulegt talmál. Hefur tilhneigingu til þess að lesa lágum rómi. ☐	Nokkur tjáning. Notar röddina stundum til að láta textann hljóma eins og talmál en ekki alltaf. Athygli lesandans er þó fyrst og fremst á því að koma orðunum frá sér. Les enn fremur lágum rómi. ☐	Lesturinn hljómar oftast eins og eðlilegt talmál. Nemandinn dettur einstaka sinnum niður í tjáningarlausan lestur. Raddstyrkur er yfirleitt hæfilegur. ☐	Les textann með góðri tjáningu og innlifun. Lestur hljómar eins og eðlilegt talmál. Lesandinn er fær um að beita tjáningu og raddstyrk í takti við túlkun sína á textanum. ☐
B. Hendingar	Eintóna lestur, lítill tilfinning fyrir upphafi og endi hendinga. Les oft orð fyrir orð. ☐	Les textann að mestu í tveggja til þriggja orða hendingum, svo hann hljómar skrykkjóttur og flæði rofnar. Óviðeigandi áherslur og hljómfall sem verður til þess að ekki tekst að gefa til kynna lok setninga eða setningarhluta. ☐	Blanda af óslitnum lestri, hiki í miðri setningu til öndunar, stundum skrykkjóttum lestri og sæmilegum áherslum og hljómfalli. ☐	Hendingar að mestu leyti góðar. Yfirhöfuð góð hrynjandi og rétt hljómfall. Tjáning er góð. ☐
C. Flæði	Tíð hlé sem dragast á langinn, hik, byrjað upp á nýtt, lestur fjarar út, endurtekningar og/eða margar tilraunir gerðar til að hefja lesturinn. ☐	Nokkrir „erfiðir kaflar“ í textanum sem einkennast af löngum hléum, hiki o.fl. sem hefur truflandi áhrif. ☐	Einstaka rof í flæði vegna erfiðra orða og/eða forms texta. ☐	Almennt gott flæði í lestrinum með fáeinum hléum en auðveldlega leyst úr erfiðleikum tengdum orðum eða formi texta, yfirleitt með því að nemandi leiðréttir sig sjálfur. ☐
D. Hraði	Hægur og áreynslumikill lestur. ☐	Frekar hægur lestur. ☐	Óregla í hraða lesturs þar sem hraður og hægur lestur skiptast á. ☐	Stöðugur talmálshraði á lestrinum. ☐

Þýtt með leyfi Timothy V. Rasinski, 2017

Lærðri (2002) | © Menntamálastofnun

Styðstu við kvarðann við mat á lesfimi á eftirfarandi þáttum: Tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði. Stigagjöf er á bilinu 4 til 16 stig. Almennt er ástæða til þess að huga nánar að stöðu nemenda sem eru með færri en átta stig. Átta stig eða fleiri benda til þess að lestrarlag nemandans sé á rétttri leið.

<https://mms.is/frettir/matsrammi-fyrir-lestrarlag>

Um *Eitt skref í einu*



- Þjálfunarefni í fimm stigum
- Fimm sjálfstæðar, skemmtilegar sögur (Arndís og Ása Marin höfundar)
- 20 þjálfunartextar í hverju stigi – fjögurra vikna þjálfunarefni í hverju hefti
- Ein blaðsíða þjálfuð á dag.
- Þyngd allra texta svipuð – lix stuðull
- Þjálfað undir leiðsögn lestrarþjálfara (foreldri/forráðamaður)
- Umsjónarkennari (lestrarkennari) sér um skipulag og eftirfylgni
- Ætlað nemendum sem hafa náð lágmarki (MMS viðmið 1) og glíma ekki við erfiðleika
- Efnið eingöngu ætlað til markvissrar þjálfunar samkvæmt fyrirkomulagi – ekki til almennrar lestrarþjálfunar heima

Prep	Textalengd í orðum	Fjöldi texta	Samanl. orðafjöldi	Aldur
Stig 1				7-9 ára
1	35	5	175	
2	40	5	200	
3	45	5	225	
4	50	5	250	
	Samtals	20	850	
Stig 2				7-9 ára
1	55	5	275	
2	60	5	300	
3	65	5	325	
4	70	5	350	
	Samtals	20	1250	
Stig 3				7-9 ára
1	75	5	375	
2	80	5	400	
3	85	5	425	
4	90	5	450	
	Samtals	20	1650	
Stig 4				8-10 ára
1	95	5	475	
2	100	5	500	
3	105	5	525	
4	110	5	550	
	Samtals	20	2050	
Stig 5				8-10 ára
1	115	5	575	
2	120	5	600	
3	125	5	625	
4	130	5	650	
	Samtals	20	2450	
			8250	

Viðmið við gerð þjálfunartexta – öll stig


Flokkur	Innri einkenni texta	Ytri einkenni texta	Markhópur
1	Stutt einföld orð (2-6 bókstafir) þar sem skiptast á sérhljóð og samhljóð, engin samhljóðasambönd.	Stórt letur, gott línubil og stuttar línur. Myndskreyting fellur vel að efninu og auðveldar skilning.	Hentar vel sem lestrarþjálfunarefni fyrir byrjendur í lestri, samhliða og eftir að frumkennslu (stafainnlögn) er lokið.
2	Textarnir eru byggðir upp af algengum orðum með gagnsærri merkingu og stuttum einföldum málsgreinum. Einstaka orð með samhljóðasamböndum, tvöföldum samhljóða og nokkur samsett orð.	Stórt letur, stuttar línur og læsileg uppsetning á texta. (Myndskreyting sem styður efnið.)	Hentar vel sem lestrarþjálfunarefni fyrir börn sem þekkja alla stafina og eru að ná tökum á lestrartækninni.
3	Stuttar sögur þar sem algengustu samhljóðasambönd eru tekin fyrir á kerfisbundinn hátt. Textinn er byggður upp á algengum orðum og setur fram með stuttum línur og lestrarhléum sem gerir hann aðgengilegan (Smábækur-samhlj.).	Myndskreytingar sem auðvelda lesskilning.	Hentar vel sem lestrarþjálfunarefni í framhaldi af 1. og 2. flokki.
4	Meira ber á orðum með samhljóðasamböndum og tvöföldum samhljóða, svo og samsettum orðum.	Texti á hverri blaðsíðu lengri en í fyrri flokkum. Málsgreinar hafa lengst, letur er skýrt, línur stuttar og teikningar styðja vel við efnið.	Hentar fyrir börn sem hafa náð tökum á lestrartækninni en þurfa að öðlast meiri leikni (lesfimi).
5	Texti einkennist af lengri orðum s.s. samsettum orðum með samhljóðasamböndum og beygingarendingum.	Lengri málsgreinar en í 4. flokki. Línulengd er svipuð og í fyrri flokkum en í flestum tilvikum hefur letrið smækkað lítið eitt.	Hentar sem lestrarþjálfunarefni fyrir nemendur sem náð hafa tökum á lestrartækninni en þurfa æfingu til að ná frekari leikni og öryggi (lesfimi).

Val á texta

- Fullkomin þekking á tengslum bókstafs og hljóðs
- Þekking á algengustu orðmyndum (t.d.100 algengustu orðin)
- Texti á þjálfunarstigi – rétt fyrir ofan getu eða getur lesið 93-97% texta án mikillar fyrirhafnar
- Reynsla og innsæi kennara
- Áhugahvöt nemandans
- Forsendur heimilis
- Viðmiðunartafla út frá nýjustu lesfiminiðurstöðum

Viðmiðunartafla

Stig	Lesin orð á mínútu – til viðmiðunar	Lengd texta í orðum
1	30-34	35-50
2	50-54	55-70
3	70-74	75-90
4	90-94	95-110
5	110-114	115-130



Arnaldís Þórarínsdóttir

ÓÞEKKT OG ANDASKÍTUR

Eitt skref í einu – stig 1



MENNTAMÁLASTOFNUN

Ása Marín Hafsteinsdóttir

LYGASAGA

Eitt skref í einu – stig 2



MENNTAMÁLASTOFNUN

Arnaldís Þórarínsdóttir

Drekinn í fjósinu

Eitt skref í einu – stig 3



MENNTAMÁLASTOFNUN

Ása Marín Hafsteinsdóttir

GRUNSAMLEGUR DAGUR

Eitt skref í einu – stig 4



MENNTAMÁLASTOFNUN

Arnaldís Þórarínsdóttir

SKRÍMSLIÐ Í SKÁPNUM

Eitt skref í einu – stig 5



MENNTAMÁLASTOFNUN

EITT SKREF Í EINU

Til lestrarþjálfara

Um þjálfunina

Æskilegt er að sami aðilinn sjái um þjálfunina á þjálfunartímabilinu til að viðhalda sama vinnulagi og fá tilfinningu fyrir framförum.

Heildarþjálfunartími er 15 mínútur; fyrst lesfimiþjálfunin samkvæmt þjálfunarfyrirkomulagi og svo í heimalestrarbók að 15 mínútunum.

Nemandinn les alltaf upphátt til að lestarþjálfarinn fái innsýn í lestrarferlið hjá nemandanum.

Sjáið til þess að nemandinn hafi fingurinn undir því orði sem lesið er hverju sinni eða notið blýant til að styðja hann í lestrinum.

Lesskilningsspurningarnar er leystar munnlega eftir síðustu tímatökuna.

Gott hljómfall við lestur næst þegar nemandinn hikar á kommu og stoppar á punkti.

Erfiðleikar við lestur orðs?

Ekki hleypa barninu áfram í lestri nema orð sé alveg rétt lesið.

Í tímatökunni skaltu bíða í tvær sekúndur en svo máttu segja barninu hvert orðið er svo það geti haldið áfram lestrinum.

Þegar nemandinn þjálfar textann **milli tímatöku** og lendir í vanda við umskráningu orðs, getur þú nýtt þér eftirfarandi ráð:

- Láttu barnið glíma sjálft við orðið í um það bil fimm sekúndur.
- Spurðu „Hvaða orð heldur þú að þetta sé?“
- Hvettu barnið til að lesa málsgreinina til enda og nýta sér samhengið til að ráða í orðið.
- Lestu orðið fyrir barnið, skoðaðu það vel með því og láttu það þjálfast lestur orðsins nokkrum sinnum.

Hvatning og hrós

Vel lesið!

Þú last öll orðin rétt!

Þér tókst að leysa orðið!

Þér hefur virkilega farið fram í....

Þú stendur þig vel í þjálfuninni!

Þú lest skýrt og fallega.

Frábært viðhorf!

Hagnýt ráð

Þjálfði eins snemma dags og kostur er.

Gætið þess að barnið sé ekki svangt og sé búð að fara á salernið.

Veljið stað þar sem næði er gott og engin truflun.

Sitjið við hlið barnsins og veitið lestri þess góða athygli.

Hvetjið og hrósið.

feld	mjúk	óþekkasti
------	------	-----------

Lotta er mjög sætur hundur.	5
Hún er með hvítan feld,	10
loðin eyru og svört augu.	15
Lotta er mjúk og hlý.	20
Hún er líka kát.	24
Lotta er frábær – en	28
hún er líka óþekkasti	32
hundur á Íslandi.	35

Hvernig lítur hundurinn Lotta út?
Hvers vegna heldur þú að Lotta sé óþekkasti
hundurinn á Íslandi?

Skráning



Skipti	Dagsetning	Tímataka 1 Orð 1	Tímataka 2 Orð 2	Tímataka 3 Orð 3	Lestarpjálfi	Skóli
1						
2						
3						
4						
5						
6						
7						
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						
19						
20						

„Já, einmitt,“ sagði Hafþór og roðnaði.	6
„En þegar þú nálgast varð Rósa hrædd.	13
Hún ákvað að þykjast vera skrímsli svo þú	21
myndir ekki opna skápinn og finna hana.	28
Hún hefur sjálfsagt ætlað að bíða eftir	35
tækifæri til þess að laumast út.“ Hafþór	42
horfði hugsi á Rósu og svo á Bessí. „En þú	52
fékkst þér strax önugan fataskápsvörð með	58
fjögur horn. Þá var Rósa föst í skápnum,	66
bæði þegar þú varst heima og þegar þú	74
fórst út.“	76
Rósa sagði ekkert. Hún reyndi ekki að	83
neita kenningu Hafþórs. Hún leit ekki á	90
hann. Hún leit ekki á Bessí. Hún sat bara	99
á miðju gólfi með fýlusvip.	104
Hafþór skildi það vel.	108
Þetta var auðvitað vandræðalegt fyrir	113
hana.	114
Bessí var orðin eldrauð í framan. Svo	121
skimaði hún í kring um sig og greip síma.	130

Hvers vegna ákvað Rósa að þykjast vera skrímsli?
Hafði Hafþór rétt fyrir sér í útskýringum sínum?

Gott ráð fyrir snjalla lesara

Góðir lesarar hafa fingur eða blýant undir texta þegar þeir lesa vegna þess að það:

- Eykur nákvæmni við lestur,
- tryggir betra flæði,
- hjálpar þeim að fara ekki línuvillt,
- og þannig verða þeir öruggari í lestri.

Gott ráð fyrir snjalla lesara

Góðir lesarar eru mjög hrifnir af nýjum orðum. Þegar þeir rekast á nýtt orð sem þeir skilja ekki...

- lesa þeir áfram til að athuga hvort það komi skýring á því seinna í textanum.
- skoða þeir myndirnar vel og vandlega.
- spyrja einhvern sem gæti vitað hvað orðið þýðir.
- fletta því upp í orðabók.
- skrifa orðið niður og rifja það upp.

Góðir lesarar lesa og hlusta á fjölbreyttan texta. Þeir lesa til dæmis ...

- sögur
- fræðilegan texta
- myndasögur
- uppskriftabækur
- tímarit
- ljóð
- dagblöð
- tölvupóst

Gott ráð fyrir snjalla lesara

Góðir lesarar kunna ýmsar brellur til að hjálpa sér í lestri:

- þeir skoða orðið vel og velta því fyrir sér hvort það líkist öðru orði sem þeir kunna.
- þeir hljóða sig hægt í gegnum óþekkta orðið.
- þeir skoða myndirnar á blaðsíðunni og athuga hvort þær hjálpi þeim að ráða í orðið.
- þeir lesa málsgreinina til enda og reyna að giska á orðið.
- þeir fá hjálp hjá lestrarþjálfara sínum.
- þeir lesa nýja orðið nokkrum sinnum til að festa það í minni.

Gott ráð fyrir snjalla lesara

Góðir lesarar kunna að velja sér lestrarbækur sem eru ekki of þungar fyrir þá. Það skiptir miklu máli til að þeir gefist ekki upp á því að lesa bókina. Gott er að nota þá reglu að ef þeir lenda í vandræðum með að lesa fimm orð áður en fyrsta blaðsíðan er búin þá er bókin of þung. Stundum getur verið gott að fá hjálp hjá fullorðnum.



1-2-3-4-5

Um EITT SKREF Í EINU

Inngangur

Upplýsingarnar sem hér fara á eftir elga erindi við bæði kennara og foreldra en það fellur í hlut kennara að miðla þeim á fyrsta fundi með foreldrum í aðdraganda þjálfunarinnar. Mjög mikilvægt er að þetta samtali elgi sér stað, sérstaklega til að efla foreldra í hlutverki þeirra sem lestrarþjálfara. Það er mat kennara hversu ítarlegar upplýsingar hann veitir en margir foreldrar hafa þörf fyrir greinargerðar upplýsingar er varða nám barns þeirra svo það er mikilvægt að kennarar kynni sér upplýsingarnar vel.

Um Eitt skref í einu

Eitt skref í einu er fimm stiga þjálfunarefni sem hjálpar nemendum að bæta lesfimi sína. Hvert stig inniheldur 20 þjálfunartexta, þýngd texta á öllum stigum er sú sama en textarnir lengjast u.þ.b. fimm orð á viku til að koma til móts við mögulega aukna lesfimi nemenda. Þjálfun hvers stigs tekur fjórar vikur og fer hún fram undir leiðsögn lestrarþjálfara (foreldris/forráðamanns) en með dyggri eftirfylgni kennara. Þetta efni er ætlað nemendum sem hafa náð viðmiði 1 fyrir sinn árgang og glíma ekki við erfiðleika.

Þessi þjálfunaraðferð byggir á endurteknum lestri á sama texta sem er ein besta leiðin til að þjáfa lesfimi. Endurtekningin hjálpar nemendum að festa orðmyndir í langtímalinni svo hann þekki útlit og hljóð orðsins án umhugsunar. Þetta köllum við sjálfvirkan lestur og er hann mjög mikilvægur fyrir lesklinging því ef lesturinn sjálfur er fyrirhafnarlitill er hægt að nota alla hugarorkuna í að skilja textann. Í lok hvers lestrar eru lesklingingsspurningar sem vinna þarf með skv. þjálfunarfyrirkomulagi.

Val á þjálfunarefni

Það er mikilvægt að nemendur séu ekki settir í lesfimiþjálfun fyrr en þeir hafa náð fullkomnum tókum á tengslum bókstafs og hljóðs og ágætum tókum á lestri algengra orðmynda. Einnig þarf að hafa í huga hversu móttækilegur nemandinn er fyrir markvissri vinnu en mikilvægt er að ræða við hann um markmið og framkvæmd þjálfunarinnar. Eins þarf að hafa í huga hvaða forsendur heimilið hefur til að taka að sér markvissa þjálfun og styðja vel við það ef þörf krefur.

Við val á texta þarf að hafa í huga að þýngd textans sé á þjálfunarstigi (að nemandi geti lesið 93-97% textans án mikillar fyrirhafnar) eða sé rétt fyrir ofan getu hans. Eins skiptir reynsla og innsæi kennara miklu máli þegar hann metur hvort nemandi sé tilbúinn í lesfimiþjálfun og hvers konar texta hann getur lagt fyrir nemanda sinn. Við val á texta geta kennarar einnig stuðst við eftirfarandi töflu og valið textalengd út frá nýjasta lesfimimati nemandsins.

Stig	Lesin orð á mínútu – til viðmiðunar	Lengd texta í orðum
1	30–34	35–50
2	50–54	55–70
3	70–74	75–90
4	90–94	95–110
5	110–114	115–130

Mat á stöðu nemanda

Eins og áður segir er efnistöð hugsað til þjálfunar fyrir þá nemendur sem hafa náð viðmiði 1 fyrir árgang sinn og þurfa tímabundið markvissari þjálfun og eftirfylgni við helmalestrarþjálfun. Mikilvægt er að meta stöðu nemandsins í lesfimi bæði fyrir og eftir íhlutunina og þarf matið að ná yfir hraða eða lestrarþýggt, nákvæmni og lestrarlag. Þar sem langt er á milli stöðlaðra mælinga á lesfimi (september-janúar-maí) geta kennarar notað úttalin eldri próf til að meta nemendur við upphaf og lok íhlutunarinnar en þá þarf að hafa í huga að niðurstöður á slíkum prófum eru ekki fyllilega samantarðarhæfar við niðurstöðu á stöðluðu lesfimimati MMS þar sem niðurstöður birtast í vegnum orðum á mínútu. Notkun á sama prófi við upphaf og lok íhlutunar gefur hins vegar vísbendingar um framfarir. Framfarir eru mjög einstaklingsbundnar og háðar fleiri þáttum en elngöngu þjálfun og því er mikilvægt að kennari og foreldri hrósi t.d. fyrir bætt lestrarlag, þrautseigju við þjálfun eða jákvætt og gott er gott að hvíla nemandann í nokkrar vikur svo hann verði ekki leiður en hefja þjálfun með nýju efni þegar tilfelli gefst.

Verkaskipting

Kennari ákveður þjálfunartímabilið og textann sem nemandinn á að þjáfa. Hann hefur jafnframt það mikilvæga hlutverk að fylgja þjálfuninni eftir með því að gefa til kynna að hann hafi skoðað skráningu lestrarþjálfara með því að kvitta sjálfur. Mikilvægi góðrar eftirfylgni verður seint vanmetið – hún sendir skýr skilaboð um glíði þjálfunarinnar og veitir upplýsingar um gengi.

Við upphaf hvers lotu þarf kennari að kalla lestrarþjálfara til sín og fara yfir framkvæmd þjálfunarinnar. Athugið að það er ekkert því til fyrirstöðu að hlíta lestrarþjálfara margra barna á sama tíma. Mikilvægt er að fara yfir eftirfarandi atriði:

1. Markmið þjálfunar og þjálfunarfyrirkomulag.
2. Stöðu nemandsins og mögulega markmiðasetningu ef nemandi vill fara þá leið.
3. Mikilvægar upplýsingar í þjálfunarhefti.
4. Minna á mikilvægi hvatninga og hróss – börn eru alltaf í framför ef þjálfun er reglubundin og leiðsögn skýr.
5. Biðja lestrarþjálfara um að sjá til þess að þjálfunarheftið sé alltaf í töskunni svo kennari geti kvittað daglega.

Lestarþjálfari veitir tilsögn við þjálfunina, skráir frammistöðu og athugasemdir, kvittar þegar daglegri vinnu er lokið og hvetur nemandann áfram. Ítarlegri skýringar á hlutverki lestrarþjálfara má finna í innanverðri bókarkápu í þjálfunarheftinu.

Hægt er að þjáfa lesfimi með margvíslegum hætti með ólíkar áherslur í huga. Í þessu efni er boðið upp á þrjár mismunandi leiðir í þjálfuninni þar sem fyrstu tvær miða að því að gera orðmyndalestur öruggan og sjálfvirkan en í þeirri þriðju og síðustu er lögð áhersla á að bæta lestrarlag. Sé sú leið valin er hvorki tími né lesin orð skráð heldur aðeins kvittað fyrir því að þjálfun hafi farið fram.

Þar sem lestrarþjálfarinn, sem í flestum tilvikum er foreldri, þekkir barnið best er honum óhætt að laga þjálfunarfyrirkomulagið að því sem hentar barninu best. Það er þó mikilvægt að hver texti sé lesinn a.m.k. fjórum sinnum til að öryggi við lestur texta aukist. Að fenginni reynslu hafa tímamæl-áherslur réttar og hljómfalli gott.

Hafi lestrarþjálfarinn einhverjar spurningar á þjálfunartímabiliinu er mikilvægt að hann setji sig strax í samband við kennara sem mun þá leiðsela honum frekar.

Þjálfunarfyrirkomulag 1 (t.d. stig 1, 2 og 3) – Tími

Gögn: Skeiðklukka og blýantur.

1. Skoðið vel orðin í kassanum. Æfið lestur þeirra og útskýrið merkinu ef nauðsyn krefur.
2. Tímataka 1 – Allur textinn lesinn og tíminn skráður.
3. Allur textinn þjálfaður tvisvar. Æfið sérstaklega erfiðu orðin.
4. Tímataka 2 – Allur textinn lesinn og tíminn skráður.
5. Allur textinn þjálfaður einu sinni. Æfið erfiðu orðin þar til nemandinn hefur lært þau.
6. Tímataka 3 – Allur textinn lesinn og tíminn skráður.
7. Þjálfari gott lestrarlag með því að lesa allan textann einu sinni á framburði og réttum áherslum. Hikið á kommu og stoppið á punktum.
8. Ræðið spurningar í lokin og skráðið ný og áhugaverð orð.

Til athugunar

- Það getur verið gott að færa 7. liðinn yfir á næsta dag og dagsins í gær.

Þjálfunarfyrirkomulag 2 (t.d. stig 4 og 5) – Lesin orð á mínútu

Gögn: Niðurteljari og rauður, gulur og grænn trélitur.

1. Skoðið vel orðin í kassanum. Æfið lestur þeirra og útskýrið merkingu ef nauðsyn krefur.
2. Tímataka 1 – Textinn lesinn í eina mínútu og síðasta lesna orðið litað með rauðum trélit. Teljið lesin orð og skráðið á skráningarblaðið. Nemandinn lýkur við lestur textans.
3. Allur textinn þjálfaður tvisvar. Æfið sérstaklega erfiðu orðin.
4. Tímataka 2 – Textinn lesinn í eina mínútu og síðasta lesna orðið litað með gulum trélit. Teljið lesin orð og skráðið á skráningarblaðið.
5. Allur textinn þjálfaður einu sinni. Æfið erfiðu orðin þar til nemandinn hefur lært þau.
6. Tímataka 3 – Textinn lesinn í eina mínútu og síðasta lesna orðið litað með grænum trélit. Teljið lesin orð og skráðið á skráningarblaðið.
7. Þjálfari gott lestrarlag með því að lesa allan textann einu sinni á framburði og réttum áherslum. Hikið á kommu og stoppið á punktum.
8. Ræðið spurningar í lokin og skráðið ný og áhugaverð orð aftast í Orðabók.

Til athugunar


- Ef textinn er lesinn innan einnar mínútu á að hefja lestur texta upp á ný.
- Það getur verið gott að færa 7. liðinn yfir á næsta dag og hefja þjálfun dagsins í gær.

Þjálfunarfyrirkomulag 3 (öll stig) – Nákvæmni og gott lestrarlag

Gögn: Matsrammi fyrir lestrarlag.

1. Orðin í kassanum eru skoðuð, þau útskýrð ef þörf krefur og lestur þeirra æfður.
2. Lestarpjálfi les söguna upphátt, skýrt og með réttu hljómfalli og nemandinn hlustar. Lesskilningsspurningar eru ræddar.
3. Lestarpjálfi les eina línu upphátt, nemandi les hana svo og reynir að líkja eftir upplestri þjálfarans (bergmálslestur).
4. Nemandinn þjálfar textann upp á eigin spýtur, fer vandlega yfir snúin orð og æfir sig í að hika á kommu og stoppa á punktum. Lestarpjálfi leiðbeinir varðandi lestrarnákvæmni og hleypir nemanda ekki áfram í lestri nema öll orð séu rétt lesin.
5. Lestarpjálfi og nemandinn lesa textann saman (kórlestur) á þeim hraða sem nemandinn veldur.
6. Nemandinn les textann á eigin spýtur og þjálfarinn hlustar til að heyra hvernig til tekst. Ef texti flæðir má taka hann upp eða lesa fyrir einhvern annan.
7. Matsrammi fyrir lestrarlag skoðaður reglulega og nemandi veitt endurgjöf á lestur sinn.

Framfarir í lesfimi



- Aukin sjálfvirkni/öryggi við lestur
- Meiri nákvæmni
- Bætt lestrarlag
- Þrautseigja
- Jákvætt viðhorf til lestrarnáms
- Áhugahvöt og tiltrú
- Það er alltaf ávinningur af þjálfun - „það vex sem að er hlúð“

(Kristján frá Djúpalæk)

Áhugahvöt

- Sveigjanleiki í þjálfunarfyrirkomulagi – foreldrar þekkja börn sín best
- Minnt á markmiðið með þjálfuninni
- Hugað að umhverfi
- Annað lesefni samhliða þjálfuninni – val
- Dagleg hvatning kennara
- Umbun og hrós



Verkefni fyrir kennara

Kennarar á yngsta- og miðstigi

1. **Skiptilestur:** Myndið pör og skiptist á að lesa (í lágum hljóðum eða í hljóði) eina efnisgrein í einu í leiðbeiningum. Endursegið hverja málsgrein fyrir sig munnlega.
2. **Dæmi:** Baldvin Smári er í 4. bekk. Það er októberbyrjun og niðurstöður úr lesfimiþrófi frá því í september sýna að hann les 65 orð á mínútu. Hann er því undir viðmiði 1 (80 o.á.m.) Lestrarnákvæmnin er góð, lestrarlagið dálítið eintóna og sjálfvirkni við lestur lengri orða ábótavant. Baldvini Smára hefur sóst lestrarnámið ágætlega og ekki leikur grunur á að hann glími við lestrarerfiðleika. Lágmarksviðmið að vori fyrir nemendur í 4. bekk eru 80 o.á.m. en kennari telur að hann hafi forsendur til að ljúka árinu með því að ná viðmiði 2 (120 o.á.m. að vori.) **Hvernig gæti kennarinn hagað íhlutun? Hvaða stig/sögu á hann að velja? Hvaða þjálfunaraðferð gæti hentað og á hvað ætti hann að leggja áherslu á í samtali við foreldra?**

Kennarar á unglingastigi

1. Myndið pör/þriggja til fjögurra manna hópa.
2. Skoðið vel þjálfunarfyrirkomulag 1, 2 og 3.
3. Er hægt að nýta þetta fyrirkomulag fyrir unglingastigið eða er ástæða til að vera með annars konar áherslur í þjálfun?
4. Hvaða verkfæri hafa kennarar nýtt til að efla lesfimi nemenda sinna?
5. Hvers konar kennsluefni/verkfæri til lestrarþjálfunar vantar fyrir unglingana?
6. Með hvaða hætti geta allir kennarar hugað að læsiskennslu í sinni námsgrein (líka verkgreina- og íþróttakennarar)?

Heimildaskrá

- Benjamin, R. og Schwanenflugel, P.J. (2010). Text complexity and oral reading prosody in young readers. *Reading Research Quarterly*, 45 (4), 388-404.
- Helga Sigurmundsdóttir (2011). Að þjálfra lesfimi. Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 93-128). Reykjavík: Námsmatsstofnun og Háskóli Íslands.
- Ingibjörg Auðunsdóttir, Gretar L. Marinósson og Kjartan Ólafsson (2017). Samstarf heimila og grunnskóla um læsishám yngstu nemenda. Í Rúnar Sigþórsson og Gretar L. Marinósson (ritstj.), *Byrjendalæsi: Rannsókn á innleiðingu og aðferð* (bls. 361-398). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- LeBerge, S. og Samuels, S.A. (1974). Toward a theory of automatic information processing in reading. *Cognitive Psychology*, 6, 293-323.
- Rasinski, T. V. (2010). *The fluent reader: Oral and silent reading strategies for building fluency, word recognition and comprehension* (2. útgáfa). New York: Scholastic.
- Rasinski, T. V., Rikli, A. og Johnston (2009). Reading fluency: More than automaticity? More than a concern for the primary grades? *Literacy Research and Instruction*, 48 (4), 350-361.